

# Ársskýrsla 2006

VSV

# Efnisyfirlit

Kennitölur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 1
Stjórn Vinnslustöðvarinnar . . . . . . . . . . . . . . . . . . 2
Framkvæmdastjórn Vinnslustöðvarinnar . . . . . . . . . 3
Stjórnunarhættir . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 4
Hluthafar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 4
Arðgreiðslustefna . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 5
Atburðir sem áttu sér stað að loknu rekstrarári . . . 5
Fjárfestingar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 5
Fjárhagsleg áhætta og stjórnun hennar . . . . . . . . . 5
Hlutdeildarfélög . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 6
Markaðir og samkeppnisaðilar . . . . . . . . . . . . . . . . 6
Horft til framtíðar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 6
Skýrsla stjórnarformanns . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 7
Starfsemin 2006 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 9
Starfsemin 2006 – rekstrartekjur, rekstrargjöld og afkoma . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 11
Starfsemin 2006 – efnahagur og sjóðstreymi . . . . . 12
Starfsemin 2006 – aflabrögð og útgerð . . . . . . . . . 13
Starfsemin 2006 – aflaheimildir . . . . . . . . . . . . . . . 14
Starfsemin 2006 – skip Vinnslustöðvarinnar . . . . . . 15
Starfsemin 2006 – fiskimjölsverksmiðja . . . . . . . . . 17
Starfsemin 2006 – landvinnsla og framleiðsla . . . . . 18
Humarrannsóknir . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 19
Sextugsafmæli Vinnslustöðvarinnar . . . . . . . . . . . . 20
Handknattleikur, knattspyrna, skák . . . . . . . . . . . . 22
Markaðssókn og ímyndarsköpun . . . . . . . . . . . . . . 23

Ársreikningur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 25
Áritun endurskoðenda . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 26
Skýrsla stjórnar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 27
Rekstrarreikningur ársins 2006 . . . . . . . . . . . . . 28
Efnahagsreikningur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 29
Sjóðstreymi ársins 2006 . . . . . . . . . . . . . . . . . . 31
Skýringar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 32

**Vinnslustöðin ehf.**

Hafnargötu 2 · Vestmannaeyjar

Sími 488 8000 · Fax 488 8001

vsv@vsv.is · www.vsv.is

Umsjón: Andrea Elín Atladóttir og Athygli

Hönnun og umbrot: Athygli

Filmugerð: Litróf

Prentun: Prentsmiðjan Eyrún

Myndir: Ísleifur Arnar Vignisson (Addi í London), Sigurgeir Jónasson, Brynjólfur Jónsson og fleiri.

Forsíðumyndin nefnist *Sólarsindur*. Hún var á glæsilegri sýningu Sigurgeirs ljósmyndara í Vélasalnum í apríl 2007. Myndin er tekin í Kambinum, nyrst við Heimaklett, og sér upp í Stóra-Klif. Aðra mynd af þessari sömu sýningu fá finna á bls. 43: *Göngin til Eyja*!

# Rekstraryfirlit síðastliðinna ára

| | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Rekstrartekjur fiskvinnslu | 3.501.832.446 | 2.380.298.139 | 2.489.421.206 | 2.438.802.116 |
| Rekstrartekjur útgerðar | 2.305.894.581 | 1.837.182.542 | 1.826.621.605 | 1.836.461.366 |
| Afli til eigin vinnslu | (1.219.182.696) | (825.466.033) | (898.092.424) | (912.890.643) |
| Vörusala | 892.969.780 | 997.882.096 | 567.582.007 | 0 |
| Aðrar tekjur | 320.885.210 | 16.673.727 | 19.308.399 | 16.027.020 |
| | 5.802.399.320 | 4.406.570.471 | 4.004.840.793 | 3.378.399.859 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Rekstrargjöld fiskvinnslu | 2.628.143.381 | 1.920.525.606 | 1.936.294.961 | 2.071.286.559 |
| Rekstrargjöld útgerðar | 1.591.131.116 | 1.342.433.900 | 1.275.602.844 | 1.096.173.106 |
| Afli til eigin vinnslu | (1.219.182.696) | (825.466.033) | (898.092.424) | (912.890.643) |
| Kostnaðarverð seldra vara | 890.202.503 | 991.118.947 | 559.098.826 | 0 |
| Sameiginlegur kostnaður | 136.432.269 | 112.023.550 | 106.986.966 | 117.500.815 |
| | 4.026.726.573 | 3.540.635.971 | 2.979.891.173 | 2.372.069.837 |
| Hagnaður fyrir afskriftir | 1.775.672.748 | 865.934.500 | 1.024.949.620 | 1.006.330.022 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | (344.068.386) | (360.240.376) | (392.391.218) | (542.105.420) |
| Rekstrarhagnaður | 1.431.604.362 | 505.694.124 | 632.558.402 | 464.224.602 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | (112.035.960) | (291.760) | 0 | 0 |
| Fjármunatekjur og (gjöld) | (889.262.669) | 33.557.837 | 281.240.359 | 214.917.008 |
| Reiknaður tekjuskattur | (95.654.592) | (97.043.921) | (99.607.345) | 0 |
| Hagnaður | 334.651.141 | 441.916.280 | 814.191.416 | 249.307.594 |
| Veltufé frá rekstri | 1.548.439.753 | 818.278.827 | 849.579.075 | 714.500.845 |

# Kennitölur

**Úr rekstrarreikningi:**

| | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir afskriftir / rekstrartekjur | 30,60% | 19,65% | 25,59% | 29,79% |
| Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) | 1.775.672.748 | 865.934.500 | 1.024.949.620 | 1.006.330.022 |
| Arðsemi eigin fjár | 14,96% | 18,47% | 35,91% | 12,52% |
| **Úr efnahagsreikningi:** | | | | |
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir | 2,62 | 0,96 | 1,93 | 1,5 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn | 24,67% | 27,40% | 31,10% | 24,58% |
| Innra virði hlutafjár - eigið fé/hlutafé | 1,46 | 1,52 | 1,6 | 1,29 |
| Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutafjár (EPS) | 0,22 | 0,3 | 0,52 | 0,16 |
| **Úr sjóðstreymi:** | | | | |
| a) Skuldaþekja handbærs fjár | 0,13 | 0,02 | 0,12 | 0,10 |
| b) Gæði sölunnar | 1,01 | 0,97 | 1,00 | 0,97 |
| c) Gæði afkomunnar | 4,00 | 1,32 | 1,23 | 3,68 |

**a) Handbært fé frá rekstri að frádregnum arðgreiðslum / heildarskuldir**
**b) Innborgaðar tekjur / bókfærðar tekjur**
**c) Handbært frá rekstri / afkoma**

# Stjórn Vinnslustöðvarinnar



**Gunnar Felixson, stjórnarformaður**
Kjörinn í stjórn í maí 2004.
Menntun: stúdentspróf frá Verslunarskóla Íslands 1960.
Starfsferill: Hóf störf hjá Tryggingamiðstöðinni árið 1960, aðstoðarforstjóri 1976 og forstjóri frá 1991 til 2005.



**Haraldur Gíslason, varaformaður**
Kjörinn í stjórn 1986.
Menntun: próf frá Verslunarskóla Íslands 1961.
Starf: sölustjóri.
Starfsferill: framkvæmdastjóri Heildverslunar Gísla Gíslasonar 1963-1973, skrifstofustjóri Fiskimjölsverksmiðjunnar frá 1969 og framkvæmdastjóri 1975-1992.
Sölustjóri mjölsöludeildar Vinnslustöðvarinnar frá 1992.



**Hjálmar Þór Kristjánsson**
Kjörinn í stjórn í maí 2003.
Menntun: fiskiðnaðarmaður.
Aðalstarf: framkvæmdastjóri KG fiskverkunar.

**Leifur Ársæll Leifsson**
Kjörinn í stjórn í maí 2005.
Menntun: húsasmíðameistari.
Aðalstarf: húsasmíði.
Starfsferill: trésmíði hjá Smiði hf., Tréverki ehf., Ármannsfelli hf., Skipaviðgerðum og Steina og Olla ehf. Sjálfstætt starfandi smiður síðastliðin 15 ár; hefur einnig verið til sjós hjá Ísleifi sf. og Ísfélagi Vestmannaeyja.





**Sigurjón Óskarsson**
Kjörinn í stjórn í maí 2003.
Menntun: vélstjóraréttindi 1962 og skipstjórnarréttindi 1965.
Starfsferill: skipstjóri og útgerðarmaður.

## Varamenn í stjórn



**Guðmundur Kristjánsson**
Kjörinn í stjórn í febrúar 2003.
Menntun: próf frá Verslunarskóla Íslands, nám í útgerðartækni í Tækniskóla Íslands, próf í viðskipta- og markaðsfræði í Bandaríkjunum 1986.
Starfsferill: framkvæmdastjóri útgerðarfélagsins Tjalds 1998-2005. Framkvæmdastjóri Brims hf. frá 2005.



**Kristín Elín Gísladóttir**
Kjörin í stjórn í maí 2006.
Menntun: nám í Gagnfræðiskóla Vestmannaeyja.
Starfsferill: starfaði hjá Heildverslun GG, Prentsmiðjunni Eyrúnu, Útvegsbanka Íslands og hjá Gandí hf. sem útgerðarstjóri.

# Framkvæmdastjórn Vinnslustöðvarinnar



**Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri**
Menntun: búfræðipróf frá Bændaskólanum á Hvanneyri árið 1978, próf í þjóðhagfræði frá Háskóla Íslands 1991, MSc próf frá hagfræðideild University of York í Englandi 1992 með sérstaka áherslu á fjármál og fjárfestingar.
Starfsferill: lánasérfræðingur í Íslandsbanka í Vestmannaeyjum og síðar í lánaeftirliti Íslandsbanka í Reykjavík. Aðstoðarframkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar við sameiningu Meitilsins og Vinnslustöðvarinnar 1996 og framkvæmdastjóri frá 1999.



**Stefán Baldvin Friðriksson, aðstoðarframkvæmdastjóri**
Menntun: viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1992.
Starfsferill: starfsmaður Víkingbrugg 1992 og Fiskistofu 1993-1997. Hóf störf hjá Vinnslustöðinni hf. árið 1997.



**Andrea Elín Atladóttir, fjármálastjóri**
Menntun: viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1997.
Starfsferill: lánasérfræðingur Íslandsbanka hf. 1997-2001. Hóf störf hjá Vinnslustöðinni hf. árið 2001.



**Guðni Ingvar Guðnason, útgerðarstjóri**
Menntun: vélstjóri.
Starfsferill: vélstjóri á Huginn VE 1981, starfsmaður Skipalyftunnar í Vestmannaeyjum 1982-1985 og Samtogs hf. 1985-1989. Hóf störf hjá Vinnslustöðinni hf. árið 1989.



**Sigurður Friðbjörnsson, verksmiðjustjóri**
Menntun: meistari í bifvélavirkjun frá Iðnskólanum í Vestmannaeyjum.
Starfsferill: bifvélavirkjun og síðar rekstur eigin vélaleigu og vöruflutninga á Vopnafirði. Rekstrarstjóri Vegagerðar ríkisins á Vopnafirði og síðar viðgerðarmaður og löndunarstjóri FÍVE í Eyjum frá 1981. Hóf störf hjá Vinnslustöðinni árið 1992.



**Sigurjón Gísli Jónsson, framleiðslustjóri**
Menntun: sjávarútvegsfræðingur frá Háskólanum á Akureyri 2003.
Starfsferill: starfaði við fiskvinnslu og sjómennsku þar til hann fór í nám í sjávarútvegsfræði. Hóf störf hjá Vinnslustöðinni árið 2003.

## Stjórnunarhættir

Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. leggur ríka áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum innan félagsins og hefur tekið tillit til leiðbeinandi tilmæla um stjórnunarhætti fyrirtækja sem gefin voru út af hálfu Kauphallar Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Verslunarráðs Íslands í mars 2004. Stjórnin hefur þó hvorki séð ástæðu til að skipa endurskoðunarnefnd né starfskjaranefnd. Stjórnin setti sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið sömuleiðis. Í þessum reglum eru meðal annars ákvæði um fundarsköp, hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, upplýsingargjöf framkvæmdastjóra, meðferð trúnaðarupplýsinga og fleira. Uppfylla reglur stjórnar fyrrgreind tilmæli og eru að sumu leyti ítarlegri en þar er kveðið á um.

## Hluthafar

Gengi hlutabréfa í Vinnslustöðinni hf. í OMX/Kauphöll Íslands var í upphafi rekstrarársins skráð 4,20 en í lok rekstrarársins 4,50. Á tímabilinu var gengið lægst skráð 3,81 í marsmánuði en hæst skráð 4,60 í nóvember.

Hluthafar Vinnslustöðvarinnar hf. voru 408 í upphafi rekstrarársins en 399 í lok rekstrarársins og hafði því fækkað um 9 á árinu. Tveir hluthafar reyndust eiga yfir 10% í félaginu í lok rekstrarársins: Seil ehf. (23,93%) og Stilla ehf. (18,31%). Vinnslustöðin hf. var hluthafi í Stillu í upphafi ársins en seldi hlut sinn á árinu. Tíu stærstu hluthafar í árslok 2006 voru:

| Nafn | Hlutafé | % |
|---|---|---|
| Seil ehf. | 374.459.320 | 23,93 |
| Stilla ehf. | 286.546.134 | 18,31 |
| Línuskip ehf. | 117.089.853 | 7,48 |
| Öxnafell ehf. | 97.541.706 | 6,23 |
| Leifur Ársælsson | 96.344.440 | 6,16 |
| Lífeyrissj. Vestmannaeyja | 83.246.039 | 5,32 |
| LI-Hedge | 65.199.808 | 4,17 |
| Vinnslustöðin hf. | 60.795.143 | 3,88 |
| Nöf ehf. | 48.443.256 | 3,10 |
| Kristín Elín Gísladóttir | 43.666.274 | 2,79 |

### Þróun gengis í Vinnslustöðinni hf.



## Arðgreiðslustefna

Stefna Vinnslustöðvarinnar hf. er að greiða hluthöfum árlegan arð af hlutabréfum sínum í félaginu þegar aðstæður leyfa.

Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. tók ákvörðun um að greiða hluthöfum arð fyrir rekstrarárið 2006. Arðgreiðslan nemur 30% af nafnverði hlutabréfa í félaginu eins og fram kom í tilkynningu félagsins til OMX/Kauphallar Íslands við birtingu ársuppgjörs 6. febrúar 2007.

## Atburðir sem áttu sér stað að loknu rekstrarári en fyrir aðalfund

Hluthafar, sem eiga samtals 50,04% hlut í Vinnslustöðinni hf., gerðu með sér samkomulag 16. apríl 2007 um stjórnun og rekstur félagsins. Af 37. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfaviðskipti leiðir að þeim er þar með skylt að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð innan fjögurra vikna. Slíkt tilboð verður gert að aðalfundi loknum. Í kjölfar yfirtökutilboðs verður óskað eftir því við stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. að hlutabréf hennar verði afskráð úr OMX/Kauphöll Íslands.

## Fjárfestingar

Fjárfestingar félagsins voru litlar á rekstarárinu 2006. Þó fór Brynjólfur VE til Póllands og þar var skipinu breytt til að unnt væri að stunda á því netaveiðar og humarveiðar með tveimur trollum samtímis. Að öðru leyti var nær eingöngu um að ræða fjárfestingar vegna viðhalds á eignum félagsins.

## Fjárhagsleg áhætta og stjórnun hennar

Tekjur félagsins eru að langmestu leyti í erlendum myntum en kostnaður hins vegar að mestu í íslenskum krónum. Af því skapast gengisáhætta sem er helsta fjárhagslega áhætta félagsins. Henni er stjórnað með því að skuldir eru hafðar að miklu leyti í erlendum gjaldmiðlum og auk þess eru afleiðusamningar notaðir til að draga úr áhættu. Stjórn félagsins hefur sett stjórnendum þess skýrar reglur um umfang leyfilegra, framvirkra gjaldeyrissamninga.



*Kap VE-4 og Drangavík VE-80.*

## Hlutdeildarfélög

### Stilla ehf.

Vinnslustöðin hf. seldi allan eignarhlut sinn í Stillu ehf. á árinu en Vinnslustöðin hf. átti 45% hlutafjár í félaginu. Söluverð eignarhlutarins var 417 milljónir króna og fékkst annars vegar greitt með hlutabréfum í Vinnslustöðinni hf., að nafnverði tæpar 54 milljónir krónur á genginu 4,15 og hins vegar í peningum að upphæð 193 milljónir króna. Söluhagnaður af þessum viðskipum nam 65 milljónum króna.

### Huginn ehf.

Tekjur Hugins ehf. voru 640 milljónir króna á rekstrarárinu og framlegð félagsins var 98 milljónir króna. Tap félagsins eftir skatta nam 233 milljónum króna, þar af nam gengistap 203 milljónum króna. Hlutdeild Vinnslustöðvarinnar í tapi ársins nam 112 milljónum króna. Afkoma félagsins var undir væntingum á árinu og kom þar tvennt til. Annars vegar þurfti félagið að taka á sig verðmætisrýrnun síldarbirgða frá árinu 2005, hins vegar var loðnukvóti ársins í minna lagi. Horfur á yfirstandandi ári eru ágætar, enda hátt verð á uppsjávarfiski.

### About Fish ehf.

Gengið var frá kaupum á 49% hlut í félaginu About Fish ehf. á árinu 2006. Félagið sérhæfir sig í sölu fiskafurða og var stofnað árið 2003. Rekstur félagsins hefur gengið ágætlega frá stofnun þess. About Fish ehf. hefur annast sölu á uppsjávarafurðum Vinnslustöðvarinnar hf. og Hugins ehf. til Austur-Evrópu um nokkurt skeið. Ekki kemur til hlutdeildar Vinnslustöðvarinnar í hagnaði/tapi félagsins á rekstrarárinu 2006 þar sem gengið var frá kaupum hlutarins í lok ársins 2006. Horfur í rekstri félagsins eru ágætar fyrir yfirstandandi ár en tekjur félagsins eru fyrst og fremst umboðslaun frá framangreindum félögum auk lítilsháttar en vaxandi viðskipta með sjávarafurðir fyrir ótengda aðila.

## Markaðir og samkeppnisaðilar

Almennt má segja að ástand á mörkuðum fyrir fisk og fiskafurðir hafi verið hagfellt á árinu 2006. Einkum var mikil spurn eftir fiskimjöli og lýsi og verð á þeim afurðum óvenju hátt. Tvennt kemur til. Annars vegar stóraukin umsvif í fiskeldi í heiminum, hins vegar samdráttur í afla uppsjávarfisks við Suður-Ameríku. Neysla fisks hefur farið vaxandi í kjölfar upplýsinga um hollustu vörunnar. Þá verður vart vaxandi kaupgetu fólks í Austur-Evrópu, þ.e. í löndum þar sem var og er rík hefð fyrir fiskneyslu. Á móti kemur að neysla Japana, helstu fiskneysluþjóðar heimsins, hefur farið minnkandi. Skýringar á því eru annars vegar þær að japanska þjóðin er tekin að eldast hlutfallslega og hver einstaklingur borðar minna af mat af þeim ástæðum. Hins vegar hefur yngra fólkið snúið sér að vestrænum matarvenjum í vaxandi mæli, á kostnað hinna hefðbundnu japönsku venja.

## Horft til framtíðar

Framtíðarhorfur félagsins eru ágætar og líklegt að verð fiskafurða haldist hátt. Reynslan sýnir hins vegar að verðið sveiflast og verðhækkunum fylgja gjarnan verðlækkanir. Almennt séð ríkir góð eftirspurn á afurðamörkuðum þótt tekið sé að dofna yfir spurn eftir fiskimjöli.

Þorskur og loðna eru mikilvægustu tegundir félagsins og kjölfestan í rekstri þess. Því skipta horfur á vexti og viðgangi þessara fiskistofna miklu þegar til framtíðar er litið. Því miður eru miklar líkur á að þorskveiðiheimildir verði skertar á næstkomandi fiskveiðiári. Útlit loðnuveiða er hins vegar ekki eins dökkt og á síðasta ári þegar sá árgangur, sem standa átti undir veiðinni, hafði aldrei sést. Ekkert er þó unnt að segja á þessari stundu um horfur varðandi loðnuveiði í sumar eða næsta vetur.

# Vinnslustöð á tímamótum – Skýrsla stjórnarformanns



*Gunnar Felixson*

Árið 2006 markaði tímamót í sögu Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir margra hluta sakir:

1. Félagið varð sextugt í lok ársins en það var stofnað af 105 útvegsmönnum í Eyjum 30. desember 1946. Af þessu tilefni hélt félagið starfsmönnum og gestum sínum afmælishóf um miðjan desember auk þess sem opnuð var sýning á ljósmyndum Sigurgeirs Jónassonar sem bar heitið Mannlíf í Vinnslustöðinni.
2. Tekjur félagsins voru meiri en nokkru sinni fyrr á einu ári eða rúmlega 5,8 milljarðar króna.
3. Framlegð félagsins hefur aldrei verið meiri en árið 2006 eða tæplega 1,8 milljarðar króna.
4. Veltufé frá rekstri hefur aldrei verið meira eða tæplega 1.550 milljónir króna.

Staðreyndir um góða afkomu eru að sjálfsögðu ánægjulegar en einkum og sér í lagi þegar litið er til þess að þetta var líka afmælis- og hátíðarár hjá félaginu og starfsfólki þess. En þrátt fyrir gott gengi var hagnaður félagsins upp á 334 milljónir króna ekki í samræmi við aðrar rekstrartölur sökum mikils gengistaps. En hver peningur á sér tvær hliðar og í okkar huga er betra að hafa félagið með sterkum rekstri og sjóðstreymi en miklum gengishagnaði og hnignandi rekstri eins og undanfarin ár.

Vinnslustöðin hefur á undanförnum árum fjárfest umtalsvert í uppsjávarveiðiheimildum, annars vegar með sameiningu við Ísleif ehf. og hins vegar með skiptum við Ufsaberg ehf. á aflahlutdeildum í bolfiski fyrir uppsjávarfisk. Þá keypti Vinnslustöðin árið 2005 hlut í Hugin ehf. sem rekur samnefnt uppsjávarveiðiskip.

Þegar litið er til baka kemur í ljós að hlutfall uppsjávarveiða og -vinnslu af tekjum án vörusölu hefur farið vaxandi af framangreindum ástæðum og á síðasta ári voru tekjur félagsins af uppsjávarfiski meiri en tekjur af bolfiski. Í þorskígildum talið er uppsjávarfiskur 41% af heildarþorskígildum á yfirstandandi fiskveiðiári.

Heildarafli skipa félagsins á rekstrarárinu var 68.647 tonn en var 70.919 tonn árið áður. Aflinn minnkaði því örlítið í tonnum talið en aflaverðmætið jókst hins vegar um 35%. Rekstrartekjur landvinnsludeilda félagsins jukust um rúmlega 47% frá fyrra ári. Samtals voru framleidd 10.613 tonn af afurðum á rekstrarárinu samanborið við 11.423 tonn árið áður. Úthlutaðar veiðiheimildir Vinnslustöðvarinnar hf. á yfirstandandi fiskveiðiári, sem hófst 1. september 2006, námu 19.937 þorskígildistonnum og jukust um 26% frá fyrra ári eða um 4.057 þorskígildistonn. Þar af voru bolfiskveiðiheimildir um 56% af heildarþorskígildum.

Rekstrarskilyrði sjávarútvegsins, og þar með Vinnslustöðvarinnar hf., bötnuðu talsvert á árinu. Þar kemur tvennt til:

1. Íslenska krónan lækkaði um 18%, sem skipti félagið miklu máli.
2. Afurðaverð á flestum tegundum var mjög hátt, einkum hækkaði verð á mjöli og lýsi á árinu.

## Tekjur án vörusölu




## Rekstrartekjur landvinnslu




## Þorskígildi



## Vinnslustöð á tímamótum – Skýrsla stjórnarformanns

Tímamót voru í starfsemi félagsins á fleiri sviðum á afmælisárinu. Þannig var ákveðið að stofna til rannsóknarverkefnis í samstarfi við doktor Guðrúnu Marteinsdóttur, prófessor í fiskifræði í Háskóla Íslands, og réði félagið doktorsnema til starfa í þessu skyni. Verkefnið er styrkt af AVS sjóðnum og markmið þess er annars vegar að kanna ástæður þess að humar brotnar í veiðarfærum og hvort, og þá hvernig, megi bæta meðferð aflans. Hins vegar er ætlunin að kanna áhrif botndreginna veiðarfæra á búsvæði humars. Fyrirhugað er að verkefnið standi yfir í þrjú til fjögur ár.

Vinnslustöðin hf. er nú eina íslenska sjávarútvegsfyrirtækið sem skráð er á aðallista Kauphallar Íslands, nú norrænu kauphallarinnar OMX. Um miðjan apríl 2007 gerðu hluthafar, sem hafa yfir að ráða 50,04% hlutafjár í félaginu, með sér samkomulag um stjórnun og rekstur Vinnslustöðvarinnar. Í kjölfarið er þessum hluthöfum skylt að gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð. Þeir munu jafnframt mælast til þess við stjórn Vinnslustöðvarinnar að hún óski eftir afskráningu félagsins úr OMX. Ef af afskráningu verður hverfur þar með síðasta íslenska sjávarútvegsfyrirtækið af aðallista kauphallarinnar OMX.

Í ræðu minni á síðasta aðalfundi sagði ég meðal annars: ,,Mín skoðun er að það sé mikið tjón, bæði fyrir sjávarútveginn og íslensku þjóðina að sjávarútvegsfyrirtækin hafi horfið að mestu leyti af hlutabréfamarkaði. Báðir aðilar þurfa á hinum að halda."

Ennfremur sagði ég: ,,Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. hefur einmitt fjallað um hvort stefna beri að því að halda skráningu félagsins í Kauphöll Íslands eða fylgja straumnum og afskrá félagið líkt og önnur sjávarútvegsfyrirtæki hafa gert. Vitanlega getur núverandi stjórn ekki fullyrt neitt um framtíðina en skoðun hennar og ráðandi meirihluta í félaginu er að halda skráningunni. Í henni felast mörg tækifæri en jafnframt ógnanir. Viðskipti með bréf félagsins eru fremur fátíð og seljanleiki því lítill."

Skoðun mín er óbreytt frá ræðu minni á síðasta ári, bæði sjávarútvegurinn og þjóðin þurfa hvort á öðru að halda. Því miður verður sá vettvangur ekki á hlutabréfamarkaði, að minnsta kosti ekki á næstunni, en trú mín og von er sú að íslenskur sjávarútvegur verði í framtíðinni á ný á opnum hlutabréfamarkaði.

Ég vék að því í upphafi að Vinnslustöðin hefði fagnað 60 ára afmæli sínu í árslok 2006. Á þeim tíma hafa skipst á skin og skúrir. En allt til þessa dags hafa starfsmenn og stjórnendur félagsins sigrast á erfiðleikum og uppskorið árangur erfiðis síns. Það standa því efni til að þakka bæði núverandi starfsmönnum og stjórnendum fyrir vel unnin störf og sömuleiðis þeim sem ruddu brautina og lögðu grunn að þeim tímamótum sem félagið fagnaði á þessu ári. Án góðra verka brautryðjendanna stæðum við ekki í þeim sporum sem við stöndum í dag.

Ég vil því fyrir hönd stjórnar, stjórnenda og starfsfólks þakka öllum þeim sem lagt hafa Vinnslustöðinni lið frá upphafi. Þeir hafa, hver á sinn hátt, lagt grunn að því sterka félagi sem við nú störfum við í dag. Sá styrkur, sem býr í Vinnslustöðinni, mun vafalaust stuðla að öflugu og blómlegu mannlífi í Vestmannaeyjum. Ekkert fyrirtæki þrífst án þróttmikils samfélags og ekkert samfélag þrífst án þróttmikils atvinnulífs. Megi svo verða um ókomna tíð.



Gunnar Felixson



*Dragan Manojlovic hausar ufsa fyrir flatningu.*

## Starfsmenn/mannauður

Starfsmenn Vinnslustöðvarinnar hf. voru að meðaltali 203 á rekstrarárinu. Heildarlaunagreiðslur félagsins námu 1.059 milljónum króna en voru 950 milljónir króna árið áður. Alls komust 562 manns á launaskrá hjá félaginu og er það nákvæmlega sami fjöldi og á árinu 2005.

Í starfsmannafélagi Vinnslustöðvarinnar eru tæplega 100 manns. Félagið stóð fyrir þorrablóti og jólahlaðborði á árinu ásamt „golfævintýri" (golfmóti og púttkeppni). Einnig sá félagið um jólakaffi sem Vinnslustöðin hf. býður starfsmönnum sínum og fjölskyldum þeirra til á hverju ári. Árshátíð Vinnslustöðvarinnar var 6. maí og sá þar starfsmannafélagið um skemmtiatriði.

## Starfsemin 2006

Starfsemi Vinnslustöðvarinnar hf. gekk vel á árinu 2006. Nýting loðnuafla var góð og síldveiðar gengu vel á haustmánuðum. Auk þess keypti félagið talsvert af loðnu og kolmunna til bræðslu af öðrum skipum en sínum eigin. Söluverð afurða var hátt á árinu, sem á sérstaklega við um mjöl- og lýsisafurðir. Gengi íslenskrar krónu var félaginu hagstætt á þeim tíma sem mikill hluti tekna þess var innheimtur.

Vöxtur félagsins í þorskígildum talið var töluverður milli fiskveiðiáranna 2005/2006 og 2006/2007.





## Starfsemin 2006 – rekstrartekjur, rekstrargjöld og afkoma

### Rekstrartekjur

Rekstur Vinnslustöðvarinnar hf. gekk mjög vel á rekstrarárinu 1. janúar - 31. desember 2006. Rekstrartekjur námu 5.802 milljónum króna og jukust um 1.396 milljónir króna frá árinu áður eða um 31,7%. Rekstrartekjur félagsins voru 4.612 milljónir króna á árinu.

Rekstrartekjur landvinnsludeilda félagsins jukust um 47,1% en sú aukning skýrist að mestu leyti af auknum tekjum fiskimjölsverksmiðju félagsins en rekstur hennar gekk einstaklega vel á árinu. Rekstrartekjur saltfiskdeildar jukust töluvert en tekjur annarra deilda landvinnslunnar breyttust lítillega frá fyrra ári.

Rekstrartekjur útgerðar félagsins jukust talsvert frá fyrra ári eða um 25,5% og stafaði aukningin einkum af meira aflaverðmæti uppsjávarveiðiskipa félagsins.

### Rekstrargjöld

Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar og afskrifta voru 4.027 milljónir króna og jukust um 486 milljónir króna frá árinu áður, sem er 13,7% aukning frá fyrra ári. Afskriftir námu 344 milljónum króna og lækkuðu um 16 milljónir króna frá árinu áður.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld voru neikvæð um 889 milljónir króna en voru hins vegar jákvæð um 34 milljónir króna árið 2005.

Gengistap var 796 milljónir króna á árinu en á rekstrárinu 2005 var 254 milljóna króna gengishagnaður.








### Afkoma

Framlegð félagsins, þ.e. hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA), er stærð sem stjórnendur félagsins líta á sem eina þá mikilvægustu við mat á rekstri félagsins. Framlegðin var 1.776 milljónir króna á rekstrarárinu en þess ber að geta að hún inniheldur söluhagnað aflaheimilda að fjárhæð 298 milljónir króna. Framlegðin jókst um 910 milljónir króna frá fyrra ári. Framlegðarhlutfall félagsins hækkaði frá fyrra ári úr 19,7% í 30,6%. Aldrei í sögu félagsins hefur framlegðin verið meiri, sem bendir til að rekstur þess sé mjög sterkur.

Framlegðarhlutfall landvinnsludeilda, án sameiginlegs kostnaðar, hækkaði um meira en helming frá fyrra ári eða um 117%. Þar vegur framlegð fiskimjölsverksmiðjunnar þyngst. Framlegðarhlutfall útgerðar, reiknað á sama hátt, hækkaði einnig eða um helming frá fyrra ári. Aukningin er að mestu vegna betri reksturs uppsjávarveiðiskipa félagsins.

Hlutdeild í afkomu Hugins ehf. var neikvæð á árinu og nam tapið 112 milljónum króna.

Hagnaður Vinnslustöðvarinnar hf. á rekstrarárinu 1. janúar - 31. desember 2006 var 335 milljónir króna, að teknu tilliti til 96 milljóna króna skatta, og dróst saman um 107 milljónir króna frá fyrra ári þegar hann var 442 milljónir króna.

#### Þróun tekna og EBITDA



# Starfsemin 2006 – efnahagur og sjóðstreymi

## Efnahagur

Heildarniðurstaða efnahagsreiknings Vinnslustöðvarinnar hf. í lok rekstarársins 2006 var 8.904 milljónir króna og hækkaði um 596 milljónir króna frá fyrra ári. Veltufjárhlutfall félagsins var í lok ársins 2,62 sem var mikil hækkun frá árinu áður þegar það var 0,96. Heildarskuldir félagsins námu 6.708 milljónum króna og jukust um 676 milljónir frá fyrra ári. Skuldir félagsins eru að langmestu leyti í erlendum gjaldmiðlum og hefur því veiking krónunnar á árinu áhrif á skuldir félagsins til hækkunar. Nettóskuldir félagsins (heildarskuldir að frádregnum veltufjármunum og peningalegum eignum) námu 4.467 milljónum króna og drógust saman um 264 milljónir króna frá fyrra ári.

Eigið fé Vinnslustöðvarinnar hf. var í árslok 2.196 milljónir króna eða 24,67% af heildarefnahag og lækkaði úr 27,4% frá fyrra ári.



*Helga Magnúsdóttir við síldarvinnslu.*

## Veltufé frá rekstri




## Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri var 1.548 milljónir króna og jókst um 730 milljónir króna frá árinu áður. Aldrei í sögu Vinnslustöðvarinnar hf. hefur veltufjárhlutfall verið hærra.

Handbært fé frá rekstri var 1.337 milljónir króna og jókst um 755 milljónir króna.

Nettófjárfestingarhreyfingar voru jákvæðar um 267 milljónir króna, þ.e. félagið seldi meira af fjármunum en það keypti.

## Aflabrögð

Heildarafli skipa félagsins var um 68.600 tonn en var rúmlega 70.900 tonn árið áður. Samdráttur frá fyrra ári er því um 2.300 tonn.

Aflaverðmætið var 2.020 milljónir króna en var 1.495 milljónir króna árið 2005, sem jafngildir 35% aukningu.

Afla að verðmæti 1.219 milljónir króna var landað til eigin vinnslu en það svaraði til 47% af heildaraflaverðmæti skipanna. Til samanburðar nam verðmæti landaðs afla af eigin skipum 825 milljónum króna eða 45% af heildaraflaverðmæti árið 2005.

## Útgerð

Vinnslustöðin hf. gerði út eftirtalin skip á rekstrarárinu 2006: netabátana Kap II VE-7 og Gandí VE-171, neta- og togbátinn Brynjólf VE-3, togbátinn Drangavík VE-80, togarann Jón Vídalín VE-82 og nótaskipin Kap VE-4 og Sighvat Bjarnason VE-81.



*Sighvatur Bjarnason VE-81.*

**Afli og aflaverðmæti skipa Vinnslustöðvarinnar hf.**

| | 2006 Afli í tonnum | Verðmæti (mkr.) | 2005 Afli í tonnum | Verðmæti (mkr.) |
|---|---|---|---|---|
| Brynjólfur ÁR-3 | 0 | 0 | 729 | 95 |
| Brynjólfur VE-3 | 978 | 140 | 536 | 54 |
| Gandí VE-171 | 1.030 | 169 | 995 | 144 |
| Drangavík VE -80 | 2.833 | 383 | 2.766 | 308 |
| Jón Vídalín ÁR-82 | 3.505 | 414 | 3.908 | 343 |
| Kap VE-4 | 28.933 | 398 | 3.531 | 45 |
| Ísleifur VE-63 | 0 | 0 | 20.867 | 160 |
| Kap II VE-7 | 775 | 102 | 9.321 | 100 |
| Sighvatur Bjarnason VE-81 | 30.593 | 414 | 28.266 | 246 |
| **Alls** | **68.647** | **2.020** | **70.919** | **1.495** |

## Starfsemin 2006 – aflaheimildir

### Aflaheimildir

Bolfiskaflaheimildir félagsins á yfirstandandi fiskveiðiári, sem hófst 1. september 2006, eru 11.123 þorskígildistonn en voru 10.326 þorskígildistonn á fiskveiðiárinu 2005 - 2006. Aflaheimildir í uppsjávarfiski, rækju og humri eru 8.814 þorskígildistonn en voru 5.554 tonn á fiskveiðiárinu 2005 - 2006.

### Skipting aflaheimilda í þorskígildum




### Aflaheimildir Vinnslustöðvarinnar hf.

| | 2006 - 2007 | | | 2005 - 2006 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Þorsk- | %af | | Þorsk- | % af |
| **Bolfiskheimildir** | **Tonn** | **ígildi** | **úthlutun** | **Tonn** | **ígildi** | **úthlutun** |
| Þorskur | 3.568 | 3.568 | 2,3072% | 3.643 | 3.643 | 2,3311% |
| Ýsa | 2.381 | 1.928 | 2,8262% | 2.382 | 1.786 | 2,8262% |
| Ufsi | 3.518 | 1.477 | 5,3884% | 3.516 | 1.301 | 5,3884% |
| Karfi | 3.521 | 2.429 | 6,1769% | 3.521 | 1.901 | 6,1769% |
| Steinbítur | 79 | 56 | 0,7496% | 79 | 54 | 0,7496% |
| Úthafskarfi | 220 | 161 | 0,7686% | 220 | 112 | 0,7686% |
| Grálúða | 352 | 698 | 2,5538% | 352 | 719 | 2,5538% |
| Skarkoli | 223 | 264 | 4,0469% | 186 | 240 | 4,0469% |
| Sandkoli | 77 | 37 | 4,1609% | 153 | 80 | 4,1609% |
| Skrápflúra | 54 | 25 | 3,8951% | 125 | 56 | 3,8951% |
| Þykkvalúra | 63 | 91 | 3,4392% | 57 | 88 | 3,4392% |
| Langlúra | 78 | 46 | 3,5492% | 78 | 49 | 3,5492% |
| Langa | 199 | 120 | 4,9816% | 199 | 110 | 4,9816% |
| Keila | 53 | 20 | 1,1713% | 37 | 13 | 1,1713% |
| Skötuselur | 107 | 193 | 3,9733% | 89 | 143 | 3,9721% |
| Ní-þorskur | 10 | 10 | 0,5171% | 30 | 30 | 0,5171% |
| **Bolfiskur alls** | **14.503** | **11.123** | | **14.669** | **10.326** | |
| | | | | | | |
| **Aðrar veiðiheimildir** | | | | | | |
| Humar | 87 | 555 | 15,6202% | 87 | 558 | 15,6202% |
| Rækja | 44 | 29 | 0,6235% | 62 | 42 | 0,6235% |
| Síld | 12.976 | 1.687 | 9,9818% | 10.980 | 1.537 | 9,9818% |
| Loðna | 30.784 | 3.078 | 10,2531% | 19.888 | 1.193 | 10,2531% |
| Ní-síld | 12.659 | 2.912 | 6,8158% | 10.484 | 1.573 | 6,8158% |
| Kolmunni | 11.050 | 553 | 3,6869% | 13.001 | 650 | 3,6869% |
| **Aðrar veiðiheimildir alls** | **67.600** | **8.814** | | **54.502** | **5.554** | |
| | | | | | | |
| **Veiðiheimildir alls** | **82.103** | **19.937** | | **69.171** | **15.880** | |

## Starfsemin 2006 – skip Vinnslustöðvarinnar



*Sighvatur Bjarnason VE-81*



*Kap II VE-7*



*Ísleifur VE-63*



*Kap VE-4 (áður Gullberg VE-292)*



*Jón Vídalín VE-82*



*Drangavík VE-80*



*Brynjólfur VE-3*



*Gandí VE-171*

## Starfsemin 2006 – landvinnsla



Elísabet Ólafsdóttir pakkar humri.




Skúli Georgsson að störfum í frystigeymslu.



Viðar Sigurbjörnsson stýrir framleiðslu inn á sjálfvirka frystiskápa.




Óskar Bjarni Birgisson og Viðar Breiðfjörð pakka frystum uppsjávarafurðum.

Framleiðslutekjur fiskimjölsverksmiðju félagsins námu alls 1.620 milljónum króna árið 2006 en voru 655 milljónir króna árið 2005. Þær jukust því um 965 milljónir króna eða um 147%, sem er gríðarleg breyting. Mjöl- og lýsisverð var mjög hátt á árinu.

Aðkeypt hráefni á árinu 2006 var 80.870 tonn en var 63.571 tonn árið áður. Alls voru brædd 24.123 tonn af loðnu, 27.568 tonn af síld og 29.179 tonn af kolmunna. Aðkeypt hráefni til bræðslu á árinu 2006 var rúmum 17.000 tonnum meira en á árinu þar á undan. Loðnubræðsla dróst saman um 17.000 tonn frá fyrra ári á sama tíma og umsvif í bræðslu síldar og kolmunna jukust um 17.000 tonn í hvorri tegund.

## Heildarframleiðsla fiskimjölsverksmiðjunnar

| | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Hráefni** | **Tonn** | **Tonn** | **Tonn** | **Tonn** | **Tonn** |
| Loðna | 24.123 | 41.104 | 30.258 | 46.960 | 64.145 |
| Síld | 27.568 | 10.605 | 16.185 | 20.403 | 11.834 |
| Kolmunni | 29.179 | 11.862 | 15.641 | 17.200 | 7.844 |
| Alls | 80.870 | 63.571 | 62.084 | 84.563 | 83.823 |

| | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Afurðir** | **Tonn** | **Tonn** | **Tonn** | **Tonn** | **Tonn** |
| Fiskimjöl | 15.076 | 11.375 | 11.955 | 15.080 | 15.278 |
| Lýsi | 6.016 | 3.658 | 3.673 | 5.406 | 6.231 |




*Huginn VE-55 gerður út af samnefndu félagi sem Vinnslustöðin á 48% hlut í.*

# Starfsemin 2006 – landvinnsla og framleiðsla

## Landvinnsla og framleiðsla

Framleidd voru liðlega 10.600 tonn af afurðum í landvinnslu Vinnslustöðvarinnar hf. á rekstrarárinu 2006, sem er um 800 tonnum minna en árið áður þegar framleiðslan var ríflega 11.400 tonn. Meira var framleitt af saltfiskafurðum en árið áður en framleiðsla síldar-, loðnuhrogna- og landfrystra/ferskra bolfiskafurða dróst saman frá fyrra ári.

Samtals voru framleidd um 5.100 tonn af loðnu og loðnuhrognum en árið 2005 voru framleidd um 5.900 tonn. Verð fyrir frysta loðnu á Japansmarkað lækkaði frá fyrra ári en verð á loðnu á Rússlandsmarkað og verð á loðnuhrognum hækkaði lítillega.

Á árinu voru framleidd rúmlega 3.000 tonn af síldarafurðum á móti 4.000 tonnum á árinu 2005. Verð á frystum síldarafurðum var í lægri kantinum á rekstrarárinu vegna mikilla birgða á mörkuðum frá árinu áður.

Á rekstrarárinu voru framleidd rúmlega 1.500 tonn af saltfiskafurðum á móti rúmlega 900 tonnum árið áður. Um 940 tonn voru framleidd af söltuðum þorskafurðum og um 570 tonn af ufsa, sem í báðum tilvikum er meira en árið 2005. Verð á saltfiski var hagstætt á árinu 2006.

Framleidd voru rúmlega 700 tonn af frosnum og ferskum flakaafurðum þorsks, ufsa og karfa á móti 950 tonnum árið áður. Framleidd voru 215 tonn af humri á árinu 2006 sem er um 20 tonnum minna en árið 2005.

### Heildarframleiðsla landvinnslu

| | 2006 | | 2005 | | 2004 | | 2003 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | **Tonn** | **Þús. kr.** | **Tonn** | **Þús. kr.** | **Tonn** | **Þús. kr.** | **Tonn** | **Þús. kr.** |
| Saltaðar afurðir | 1.512 | 554.926 | 929 | 270.770 | 857 | 345.385 | 1.222 | 480.000 |
| Landfrystar bolfiskafurðir | 739 | 292.833 | 994 | 299.945 | 1.205 | 399.973 | 1.130 | 353.000 |
| Frysting uppsjávarfiska | 8.147 | 804.312 | 9.265 | 851.157 | 7.238 | 715.368 | 4.707 | 374.000 |
| Humar | 215 | 266.898 | 235 | 204.512 | 230 | 182.842 | 143 | 147.000 |
| **Alls** | **10.613** | **1.918.969** | **11.423** | **1.626.384** | **9.530** | **1.643.568** | **7.202** | **1.354.000** |





## Frumkvæði VSV að rannsóknum á veiðum og atferli humars

Háskóli Íslands og Vinnslustöðin ýttu í október 2006 úr vör verkefni sem varðar rannsóknir á veiðum og atferli humars með það að markmiði að auka arðsemi við nýtingu þessarar mikilvægu sjávarauðlindar. Vinnslustöðin hafði frumkvæði að verkefninu og fékk Guðrúnu Marteinsdóttur, prófessor í fiskifræði, til liðs við sig sem umsjónarmann þess. Háskólinn og Vinnslustöðin auglýstu eftir umsækjendum til doktorsnáms í fiskifræði þar sem gert var ráð fyrir að áhersla yrði lögð á humarrannsóknir með styrk úr AVS-sjóðnum í samstarfi við Háskóla Íslands, fræðasetrið í Eyjum og Rutgers University í New Jersey í Bandaríkjunum. Óhætt er að segja að aðstandendur humarverkefnisins hafi talið að íslenskt námsfólk myndi sýna því meiri áhuga en raun varð á. Alls bárust 34 umsóknir þar af aðeins ein íslensk. Flestar komu frá öðrum Evrópuríkjum, aðrar frá Bandaríkjunum, Kanada og jafnvel frá Ástralíu. Doktorsefnið sem hnossið hlaut heitir Heather Philp og hóf störf 3. apríl 2007. Hún lauk MS prófi með fyrstu einkunn frá háskólanum í Aberdeen og hefur unnið í humri frá því hún var 12 ára, síðustu árin sem stjórnandi við humarvinnslu í fyrirtæki föður síns á eyju í Skotlandi, Isle of Sky. Heather Philp hefur jafnframt tekið þátt í vísindalegum rannsóknum á stofnstærð humars við Skotland. Hún hefur því augljóslega mikla þekkingu og reynslu á því sviði sem bíður hennar í metnaðarfullu samstarfsverkefni Vinnslustöðvarinnar og Háskóla Íslands.

### Nýtingarréttur og ábyrgð

Vinnslustöðin ræður yfir rúmlega 17% aflaheimilda í humri. Frumkvæði fyrirtækisins að humarrannsóknum eru til marks um þau viðhorf eigenda og stjórnenda þess að nýtingarréttinum fylgi sú sjálfsagða skylda að umgangast auðlindir sjávarins af ábyrgð og virðingu. Staðreynd er að umtalsverð afföll eiga sér stað við humarveiðar og allt að fjórðungur aflans skemmist vegna þess að skeljar brotna eða klær slitna af humrinum. Þetta leiðir að sjálfsögðu til rýrnunar verðmætis þess hluta aflans. Rannsóknaverkefninu er ætlað að varpa ljósi á það sem gerist við veiðarnar, finna leiðir til að draga úr skemmdum á humrinum og auka þar með aflaverðmætið. Ætlunin er að afla upplýsinga um búsvæði humarsins og kanna hvort breyta þurfi á einhvern hátt vinnulagi við veiðarnar.

### Myndatökur á veiðislóðinni

Neðansjávarmyndatökur á humarslóð eru hluti rannsóknaverkefnisins. Þær hófust strax sumarið 2006 þegar Erlendur Bogason, kafari á Akureyri, fór í leiðangur með Gæfu VE og myndaði með tækjum sem Landssamband íslenskra útvegsmanna gaf Háskólanum á Akureyri. Hann fór í annan leiðangur með Gandí VE og frumprófaði þá fyrstu neðansjávarmyndavél sinnar tegundar á Íslandi. Sú var hönnuð í Skotlandi og er fest við trollið. Erlendur er Eyjamaður að uppruna og stundaði sjálfur humarveiðar á sínum tíma. Hann segir að sér hafi komið mjög á óvart hve lítil áhrif togveiðarnar virðist hafa á humarinn og hafsbotninn. Vandi sé reyndar að greina á verksummerkjum hvar hafi verið togað á humarslóðinni og hvar ekki á myndum sem teknar voru neðansjávar í kjölfar veiðiskipanna.



*Heather Philp með humar. Hjá henni eru Johanna Wardach og Sævar Magnússon.*




*Sigurgeir B. Kristgeirsson afhendir nafna sínum Jónassyni ljósmyndara fyrsta eintakið af afmælisblaði Vinnslustöðvarinnar sem dreift var í hvert hús í Eyjum.*

## Mikið um dýrðir á sextugsafmælinu

Vinnslustöðin varð sextug 30. desember 2006 og minntist tímamótanna með ýmsum hætti í jólamánuðinum. Þar bar hæst að 15. desember efndi fyrirtækið til afmælisveislu í Höllinni, opnuð var ljósmyndasýningin *Mannlíf í Vinnslustöðinni* í Vélasalnum og dreift var í hvert hús vönduðu afmælisblaði með sögulegri upprifjun í máli og myndum.

Myndir Sigurgeirs Jónassonar ljósmyndara komu við sögu allra þessara þátta afmælisfagnaðarins. Stjórn Vinnslustöðvarinnar samþykkti snemma árs 2005 að veita Sigurgeiri þriggja milljóna króna styrk til að unnt væri að hefja skráningu myndasafns hans og gera það aðgengilegt í rafrænu formi.

### Menningarvettvangur líka!

Á sýningunni *Mannlíf í Vinnslustöðinni* voru yfir 170 ljósmyndir sem tengdust starfsemi Vinnslustöðvarinnar undanfarna áratugi á einn eða annan hátt. Fjöldi boðsgesta var við opnun sýningarinnar og þar var Sigurgeir ljósmyndari heiðraður sérstaklega fyrir ómetanlegt framlag til íslensks samfélags með því að skrá á sinn hátt sögu byggðar, náttúru og atvinnuhátta í Eyjum.

Sýnishorn af myndum Sigurgeirs var birt í afmælisblaðinu og þar litu líka um öxl margir af fyrrverandi og núverandi stjórnarmönnum, stjórnendum og starfsmönnum Vinnslustöðvarinnar. Í blaðinu er stiklað á stóru í sögu fyrirtækisins, allt frá stofnun Vinnslu- og sölumiðstöðvar fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum 30. desember 1946. Skipst hafa á skin og skúrir á langri leið en upprifjunin varpar skæru ljósi á hve mikilvægu hlutverki Vinnslustöðin hefur alltaf gegnt í atvinnumálum og samfélagi Eyjanna. Meira að segja hefur fyrirtækið skilað drjúgu menningarframlagi til þjóðarinnar þegar horft er til þess að það kom við sögu sem vettvangur atburðarásar í tveimur kvikmyndum og sjónvarpsþáttaröð á árunum 1983 til 2003!

## Þá var nú kátt í Höllinni

Eyjamenn fjölmenntu í Höllina 15. desember til að heiðra afmælisbarnið. Hið eina sem skyggði á afmælishaldið var að boðsgestir að sunnan, með Einar Kr. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra í broddi fylkingar, komust ekki nær veislunni en að hnita hringa marga yfir flugvellinum í Eyjum en urðu frá að hverfa vegna dimmra élja sem gengu yfir einmitt á þeirri stundu. Veisluhaldarar og gestir þeirra létu samt fjarveru góðra gesta ekki rjúfa skarð í gleðina heldur héldu sínu striki. Guðjón Hjörleifsson alþingismaður flutti samkomunni ávarp sjávarútvegsráðherra og Haraldur Gíslason, varaformaður stjórnar Vinnslustöðvarinnar, flutti ávarp Gunnars Felixsonar, stjórnarformanns fyrirtækisins. Elliði Vignisson bæjarstjóri flutti afmælisbarninu góðar kveðjur og sama gerði Hörður Óskarsson fyrir hönd góðs granna, Ísfélagsins.

Í ávarpi stjórnarformanns kom fram að vissulega hefði gengið á ýmsu í starfsemi Vinnslustöðvarinnar um dagana en nú væri efni til að fagna þeim árangri sem blasti við:

„Mikið hefur áunnist á tiltölulega skömmum tíma, sem þakka má dugmiklum stjórnendum og traustu, öflugu starfsfólki. Reyndar eru efni til að nefna alveg sérstaklega tryggð og traust sem starfsmenn Vinnslustöðvarinnar sýna félaginu, margir hafa starfað hjá fyrirtækinu svo áratugum skiptir. Þetta ber að þakka."



*Sigurlaug Alfreðsdóttir, Sigurjón Óskarsson, Þóra Sigurjónsdóttir og Sólveig Adolfsdóttir á ljósmyndasýningu Sigurgeirs í Vélasalnum.*



*Fjöldi gesta var viðstaddur opnun ljósmyndasýningar Sigurgeirs í Vélasalnum.*



*Í afmælishófinu í Höllinni: Hulda Ástvaldsdóttir, Helga Ingadóttir, Hildur Gísladóttir og Haukur Sigurðsson.*



*Starfsmenn Vinnslustöðvarinnar bregða á leik á Skansinum.*

## Handknattleikur, knattspyrna, skák

Vinnslustöðin og Ísfélag Vestmannaeyja styrkja myndarlega íþrótta- og æskulýðsstarf í Eyjum. Fyrirtækin gerðu í október 2006 samstarfssamning við ÍBV íþróttafélag um stuðning við meistaraflokka og unglingaráð karla og kvenna í handknattleik og knattspyrnu. Samningurinn gildir til ársloka 2008 og er metinn á um 40 milljónir króna. Stuðningurinn skiptir í raun sköpum fyrir rekstur ÍBV íþróttafélags. Samningurinn er sameiginleg stefnuyfirlýsing um að stuðla að áframhaldandi blómlegu starfi handknattleiks- og knattspyrnudeildanna í Eyjum og gefa ekkert eftir þó á móti kunni að blása á stundum. Forráðamenn Vinnslustöðvarinnar og Ísfélagsins lögðu mikla áherslu á að barna- og unglingastarfið nyti góðs af stuðningnum og að jafnframt yrði stefnt að því að meistaraflokkslið í handknattleik og knattspyrnu leiki ávallt með þeim bestu í efstu deildum.

Þá eru Vinnslustöðin og Ísfélagið aðalstyrktaraðilar Taflfélags Vestmannaeyja og sá stuðningur er tvímælalaust að skila sér í miklum áhuga og ástundun skáklistarinnar í Eyjum, sem og sögulegum árangri í keppni á þessu sviði. Þannig varð A-sveit Grunnskóla Vestmannaeyja Íslandsmeistari skólaskáksveita núna í lok marsmánaðar 2007 og B-sveit sama skóla náði sjötta sætinu, sem einnig er mjög góður árangur. Eyjamenn hafa ekki áður hampað Íslandsmeistaratitli í skák og sigursveitin vann sér jafnframt rétt til að taka þátt í Norðurlandamóti í skólaskák í september 2007.




*Dagný Guðmundsdóttir með öskjur undir humar til sölu á neytendamarkaði.*

## Markaðssókn og ímyndarsköpun

Vinnslustöðin fór að láta til sín taka á íslenskum neytendamarkaði seint á árinu 2006 þegar byrjað var að selja humar í verslunum undir vörumerkinu VSV. Þetta var í fyrsta sinn sem neytendum bauðst fyrsta flokks humar, sérpakkaður og verðlagður eftir stærð og útliti. Hannaðar voru frísklegar öskjur undir humarinn, þar sem annars vegar var leitast við að koma á framfæri fersku og góði hráefni en hins vegar að styrkja ímynd Vinnslustöðvarinnar sem fyrirtækis sem umgengst bæði neytendur og auðlindir sjávarins af ábyrgð og virðingu. Þessu var fylgt eftir með markvissum auglýsingum í sjónvarpi, dagblöðum og tímaritum og vísað til þess að kaupendur humarsins frá VSV fengju ekki aðeins fyrirtaks hráefni til matargerðar heldur einnig áhugaverðar ábendingar í kaupbæti um hvernig hægt væri að matreiða humarinn. Þannig eru á öskjunum margar spennandi uppskriftir að humarréttum frá Ólafi Hauki Magnússyni, matreiðslumeistara á veitingastaðnum Skólabrú í Reykjavík. Ólafur Haukur er eindregið þeirrar skoðunar að fólk eigi ekki að líta á humarinn eingöngu sem veislu- og hátíðarkost heldur eigi að hafa humar í huga líka sem venjulegan heimilismat. Sú hugmyndafræði matreiðslumeistarans fellur afar vel að markaðsstefnu Vinnslustöðvarinnar þar sem fyrsta flokks vara er í sérmerktum öskjum og verðlögð í samræmi við það en lítilsháttar útlitsgallaður humar, eða humar með brot í skel, er í öðrum sérmerktum öskjum á lægra verði. Enn má svo nefna að smærri humar með útlitsgalla er seldur í pokum á enn lægra verði. Neytendur hafa því skýrt val og geta gengið að því vísu að varan sé undantekningarlaust fersk og góð.

Árangurinn af markaðssetningu humarsins á innanlandsmarkaði hefur verið góður og því full ástæða til að halda henni áfram.

# Ársreikningur 2006



*Guðrún Ólafsdóttir pakkar loðnuhrognum.*

## Efnisyfirlit


Áritun endurskoðenda . . . . . . . . . . . 26

Skýrsla stjórnar . . . . . . . . . . . . . . . . 27

Rekstrarreikningur . . . . . . . . . . . . . . 28

Efnahagsreikningur . . . . . . . . . . . . . 29

Yfirlit um sjóðstreymi . . . . . . . . . . . . 31

Skýringar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 32

# Áritun óháðra endurskoðenda

**Til stjórnar og hluthafa í Vinnslustöðinni hf.**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 6. febrúar 2007.

**Deloitte hf.**

Sigurður Páll Hauksson
endurskoðandi

Þorvarður Gunnarsson
endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar hf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Hagnaður af rekstri félagsins á árinu var rúmar 335 milljónir króna. Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 30% arður, stjórnin vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Í lok ársins voru hluthafar í félaginu 399 en voru 408 í upphafi árs. Tveir hluthafar eiga meira en 10% hlutafjárins en þeir eru Seil ehf. með 23,93% og Stilla ehf. með 18,31%.

Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. leggur ríka áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum innan félagsins og hefur tekið tillit til leiðbeinandi tilmæla um stjórnunarhætti fyrirtækja sem gefin voru út af hálfu Kauphallar Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Verslunarráðs Íslands í mars 2004. Stjórnin hefur þó ekki séð ástæðu til að skipa endurskoðunarnefnd né starfskjaranefnd. Hefur stjórnin sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið hennar. Í þessum reglum eru meðal annars ákvæði um fundarsköp, hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, upplýsingargjöf framkvæmdastjóra, meðferð trúnaðarupplýsinga og fleira. Uppfylla reglur stjórnar fyrrgreind tilmæli og eru að sumu leyti ítarlegri en þar er kveðið á um.

Stjórn og framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. febrúar 2007.

**Í stjórn**

Gunnar Felixson

Haraldur Gíslason

Hjálmar Kristjánsson

Leifur Leifsson

Sigurjón Óskarsson

**Framkvæmdastjóri**

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson

## Rekstrarreikningur ársins 2006

| | Skýr. | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | 5.481.514.112 | 4.389.896.744 |
| Aðrar tekjur | | 320.885.210 | 16.673.727 |
| Kostnaðarverð seldra afurða | | (2.720.305.315) | (2.380.064.360) |
| Laun og tengd gjöld | | (1.239.341.419) | (1.115.898.938) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (67.079.840) | (44.672.673) |
| Afskriftir | 3 | (344.068.386) | (360.240.376) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 1.431.604.362 | 505.694.124 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | | (112.035.960) | (291.760) |
| Fjármunatekjur | | 227.796.277 | 276.065.231 |
| Fjármagnsgjöld | 1, 19 | (1.117.058.946) | (242.507.394) |
| Hagnaður fyrir skatta | | 430.305.733 | 538.960.200 |
| **Skattar** | | | |
| Tekjuskattur | 10 | (95.654.592) | (97.043.921) |
| **Hagnaður** | | 334.651.141 | 441.916.280 |

# Efnahagsreikningur

| Eignir | Skýr. | 31.12.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 3,4 | 3.035.111.925 | 3.188.109.528 |
| Varanlegar fiskveiðiheimildir | 2 | 3.017.639.165 | 2.758.300.515 |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | 5 | 601.796.480 | 1.052.808.240 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | 5 | 9.196.988 | 8.339.677 |
| Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur | | 9.037.595 | 17.307.213 |
| | | 6.672.782.153 | 7.024.865.173 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | 6 | 711.458.074 | 496.448.270 |
| Viðskiptakröfur | 7 | 339.591.350 | 368.474.759 |
| Kröfur á hlutdeildarfélög | | 112.472.072 | 134.086.840 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 51.910.904 | 54.393.247 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | | 21.994.115 | 19.946.237 |
| Handbært fé | | 993.795.933 | 210.078.434 |
| | | 2.231.222.448 | 1.283.427.788 |
| **Eignir** | | 8.904.004.602 | 8.308.292.961 |

# 31. desember 2006

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | 31.12.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 8,9 | | |
| Hlutafé | | 1.504.204.857 | 1.495.915.481 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | (135.131.860) | (157.508.394) |
| Lögbundinn varasjóður | | 190.000.000 | 170.000.000 |
| Óráðstafað eigið fé | | 637.315.782 | 767.927.896 |
| Eigið fé | | 2.196.388.779 | 2.276.334.983 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldabréfalán | 11 | 5.565.092.883 | 4.493.480.182 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 10 | 292.305.858 | 196.651.266 |
| | | 5.857.398.741 | 4.690.131.448 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 0 | 299.293.000 |
| Viðskiptaskuldir | | 252.049.508 | 280.064.974 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 12 | 450.236.000 | 603.014.210 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 147.931.574 | 159.454.347 |
| | | 850.217.082 | 1.341.826.531 |
| Skuldir | | 6.707.615.823 | 6.031.957.979 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 8.904.004.602 | 8.308.292.961 |
| **Ábyrgðar- og veðskuldbindingar** | 14-15 | | |

# Sjóðstreymi ársins 2006

| | Skýr. | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður | | 334.651.141 | 441.916.280 |
| Afskriftir | 3 | 344.068.386 | 360.240.376 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 95.654.592 | 97.043.921 |
| Gengismunur og verðbætur | | 1.024.398.438 | (100.260.322) |
| Sölutap (hagnaður) eigna | | (362.368.764) | 19.046.812 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 112.035.960 | 291.760 |
| **Veltufé frá rekstri** | | 1.548.439.753 | 818.278.827 |
| Vörubirgðir, lækkun, (hækkun) | | (215.009.804) | (182.963.054) |
| Skammtímakröfur, lækkun, (hækkun) | | 43.531.667 | (130.998.550) |
| Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun | | (39.538.238) | 77.645.935 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 1.337.423.378 | 581.963.158 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfest í fasteignum | | (29.212.568) | (59.789.050) |
| Fjárfest í fiskiskipum og veiðiheimildum | | (440.900.060) | (450.222.473) |
| Fjárfest í vélum, áhöldum og tækjum | | (49.030.155) | (74.441.270) |
| Seldir fastafjárm, áhættufjárm og langtímakröfur | | 800.252.590 | 464.251.719 |
| Fjárfest í eignarhlutum | | (14.024.200) | (927.192.913) |
| | | 267.085.607 | (1.047.393.987) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Ný lán og afborganir langtímaskulda | | (303.578.504) | 167.586.686 |
| Skammtímalán hækkun (lækkun) | | (102.615.637) | 229.293.000 |
| Eigin bréf | | 30.665.910 | 0 |
| Greiddur arður | | (445.263.255) | (448.774.644) |
| | | (820.791.486) | (51.894.958) |
| Hækkun (lækkun) handbærs fjár | | 783.717.499 | (517.325.787) |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 210.078.434 | 727.404.221 |
| Handbært fé í árslok | | 993.795.933 | 210.078.434 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð fyrir utan uppreikning ýmissa peningalegra eigna og skulda.

   Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur í samræmi við góða reikningsskilavenju að gefa sér forsendur og framkvæma ýmis möt sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld tímabilsins. Raunveruleg verðmæti kunna að verða með öðrum hætti en mat stjórnenda.

   Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við góða reikningsskilavenju. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda og er hún sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikningi á því tímabili sem hann fellur til.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattur er reiknaður miðað við gildandi skatthlutfall.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Tekjuskattskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna en reiknuð skattinneign er færð vegna tímamismuna ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Frestaður skattur er reiknaður miðað við það skatthlutfall sem talið er að muni verða gildandi þegar eignin nýtist eða skuldin verður greidd. Frestaður skattur er færður í rekstrarreikningi nema þegar hann tengist fjárhæðum sem færðar eru beint í gegnum eigið fé, en þá er skatturinn einnig færður meðal eigin fjár.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir samanstanda af keyptum varanlegum veiðiheimildum. Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 38 eru eignir þessar ekki afskrifaðar.

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt þykir að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði.

Kostnaður varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í nothæft ástand.

Fyrningar eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu. Fyrningahlutföll greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 4% |
| Skip | 6% |
| Vélar og framleiðslutæki | 12-20% |

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

### Verðbréf

Hlutabréf, skuldabréf og aðrar langtímakröfur eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni, þó með þeirri undantekningu að hlutabréf í hlutdeildarfélaginu Huginn ehf. eru metin á kostnaðarverði auk hlutdeildar í afkomu félagsins. Yfirverð þeirra bréfa er ekki afskrifað þar sem það er tilkomið vegna aflaheimilda.

### Virðisrýrnun

Félagið hefur tekið upp virðisrýrnunarpróf í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 36. Á reikningsskiladegi fer félagið yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna sinna til þess að komast að raun um hvort vísbendingar séu um að eignir þessar hafi orðið fyrir virðisrýrnun. Komi fram einhver slík vísbending, er tekjuvirði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnunin er (sé um slíkt að ræða). Þegar ekki er hægt að meta tekjuvirði einstakra eigna, metur félagið tekjuvirði þeirrar sjóðsskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Tekjuvirði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaprósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta.

Sé tekjuvirði eignar metið lægra en bókfært verð, er bókfært verð eignarinnar lækkað í tekjuvirði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst síðar við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, en þó ekki í hærra verð en það sem hefði verið ef virðisrýrnun hefði aldrei verið færð.

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Birgðir

Vörubirgðir eru metnar við kostnaðarverði/framleiðslukostnaðarverði eða dagverði hvort sem lægra reynist, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Framleiðslukostnaður inniheldur hráefni, launakostnað og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar. Dagverð samsvarar áætluðu söluverði að frádregnum kostnaði við sölu og dreifingu. Birgðabreyting afurða er færð meðal rekstrartekna. Rekstrarvörur eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til eðlilegrar rýrnunar. Undirslegin veiðarfæri eru metin á hálfvirði, en loðnu- og síldarnætur eru metnar að hámarki á helmingi endurkaupsverðs.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabils eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## Óefnislegar eignir

2. Óefnislegar samanstanda af keyptum fiskveiðiheimildum og greinast þannig:

| | |
|---|---:|
| Stofnverð 1.1.2006 | 3.403.915.055 |
| Selt á árinu | (91.494.078) |
| Viðbót á árinu | 323.392.000 |
| Stofnverð 31.12.2006 | 3.635.812.977 |
| | |
| Afskrifað áður | 645.614.540 |
| Selt á árinu | (27.440.728) |
| Afskrifað samtals 31.12.2006 | 618.173.812 |
| | |
| Bókfært verð 31.12.2006 | 3.017.639.165 |

Fiskiskip félagsins höfðu í upphafi fiskveiðiársins, sem hófst 1. september 2006, til ráðstöfunar um 19.937 þorskígildistonn.

## Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir og lóðir | Skip og fylgihlutir | Vélar og framleiðslutæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Stofnverð 1.1.2006 | 1.777.633.543 | 3.711.057.462 | 2.331.008.784 | 7.819.699.789 |
| Selt eða niðurfært á árinu | 0 | 0 | (8.683.426) | (8.683.426) |
| Viðbót á árinu | 29.212.568 | 117.508.060 | 49.030.155 | 195.750.783 |
| Stofnverð 31.12.2006 | 1.806.846.111 | 3.828.565.522 | 2.371.355.513 | 8.006.767.146 |
| Afskrifað áður | 797.172.833 | 1.956.779.786 | 1.877.637.642 | 4.631.590.261 |
| Selt á árinu | 0 | 0 | (6.852.251) | (6.852.251) |
| Afskrifað á árinu | 54.052.351 | 213.637.954 | 79.226.906 | 346.917.211 |
| Afskrifað samtals 31.12.2006 | 851.225.184 | 2.170.417.740 | 1.950.012.297 | 4.971.655.221 |
| Bókfært verð 31.12.2006 | 955.620.927 | 1.658.147.782 | 421.343.217 | 3.035.111.925 |

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna | 346.917.211 |
| Sölutap (hagnaður) varanlegra rekstrarfjármuna | (2.848.825) |
| | 344.068.386 |

4. Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í lok ársins greinist þannig:

| Fasteignir og lóðir: | Fasteignamat | Vátrygginga-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Fiskimjölsverksmiðja | 287.015.000 | 768.672.000 | 548.469.144 |
| Fiskiðjuver | 217.804.000 | 1.063.043.000 | 330.408.649 |
| Aðrar eignir | 103.109.000 | 207.229.000 | 76.743.134 |
| | 607.928.000 | 2.038.944.000 | 955.620.927 |
| Skip og fylgihlutir: | | | |
| Kap II VE-7 | | 157.295.000 | 128.137.711 |
| Sighvatur Bjarnason VE-81 | | 249.504.000 | 576.588.555 |
| Gandí VE-171 | | 81.090.000 | 28.326.931 |
| Jón Vídalín VE-82 | | 146.675.000 | 133.388.537 |
| Drangavík VE-80 | | 150.560.000 | 133.047.680 |
| Brynjólfur VE-3 | | 170.000.000 | 140.083.907 |
| Kap VE-4 | | 347.962.000 | 328.360.022 |
| Ísleifur VE-63 | | 349.501.000 | 190.214.439 |
| | | 1.652.587.000 | 1.658.147.782 |
| Vélar og framleiðslutæki | | 2.121.860.000 | 421.343.217 |
| | 607.928.000 | 5.813.391.000 | 3.035.111.925 |

## Skýringar

### Eignarhlutar í félögum

5.

| | Hlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum: | | | |
| Huginn ehf. | 48,0% | 2.187.194 | 587.672.280 |
| About Fish ehf. | 49,0% | 2.940.000 | 13.024.200 |
| Rannsóknarþjónusta Vestmannaeyja ehf. | 34,0% | 1.100.000 | 1.100.000 |
| | | | 601.796.480 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum: | | | |
| Eignarhaldsfélag hlutafélaga ehf. | 2,8% | 329.000 | 387.293 |
| Fiskmarkaður Vestmannaeyja hf. | 8,0% | 2.410.000 | 4.779.358 |
| Ísfélag Þorlákshafnar hf. | 0,6% | 828.527 | 1.894.542 |
| Kraftplast ehf. | 4,8% | 1.000.000 | 1.000.000 |
| Aðrir eignarhlutar (alls 4 félög) | | 1.345.346 | 2.083.066 |
| Niðurfærsla | | | (947.271) |
| | | | 9.196.988 |
| | | | 610.993.468 |

### Birgðir

6. Afurða- og hráefnisbirgðir í árslok eru alls að verðmæti kr. 477.511.811.

Veiðarfæra- og rekstrarvörubirgðir greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Veiðarfærabirgðir | 188.287.163 |
| Rekstrarvörubirgðir | 45.659.100 |
| | 233.946.263 |

Vátryggingamat afurðabirgða á reikningsskiladegi var 1.080 milljónir króna og veiðarfæri og afli skipa var tryggður fyrir 351,9 milljónir króna.

### Skammtímakröfur

7. Breyting niðurfærslu skammtímakrafna á árinu greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Óbeinar afskriftir í ársbyrjun | 20.000.000 |
| Tapaðar kröfur á árinu | (1.157.579) |
| Gjaldfærð (tekjufærð) niðurfærsla á árinu | 1.157.579 |
| | 20.000.000 |

# Skýringar

## Eigið fé

8. Heildarhlutafé félagsins er kr. 1.565.000.000 eins og kveðið er á um í samþykktum þess. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Hlutafé samkvæmt ársreikningi nemur kr. 1.504.204.857 og greinist það þannig:

| | |
|---|---|
| Heildarhlutafé samkvæmt samþykktum félagsins | 1.565.000.000 |
| Eigin hlutabréf | (60.795.143) |
| | 1.504.204.857 |

9. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

| | Hlutafé | Yfirverðs reikningur | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári | 1.495.915.481 | (157.508.394) | 170.000.000 | 767.927.896 | 2.276.334.983 |
| Eigin bréf, hreyfing | 8.289.376 | 22.376.534 | | | 30.665.910 |
| Tillag í lögbundinn varasjóð | | | 20.000.000 | (20.000.000) | 0 |
| Greiddur arður | | | | (445.263.255) | (445.263.255) |
| Hagnaður | | | | 334.651.141 | 334.651.140 |
| | 1.504.204.857 | (135.131.860) | 190.000.000 | 637.315.782 | 2.196.388.779 |

## Skuldbindingar

10. Tekjuskattsskuldbinding félagsins nemur kr. 292.305.858 í árslok samkvæmt efnahagsreikningi.

Breyting skattskuldbindingarinnar á árinu greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun 2006 | 196.651.266 |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2006 | 95.654.592 |
| | 292.305.858 |

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

| | |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 47.833.700 |
| Óefnislegar eignir | 238.612.713 |
| Aðrir liðir | 5.859.445 |
| | 292.305.858 |

## Langtímaskuldir

11. Yfirlit langtímaskulda:

| | Eftirstöðvar |
|---|---|
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum: | |
| Skuldir í USD | 1.164.980.627 |
| Skuldir í JPY | 694.815.441 |
| Skuldir í GBP | 506.328.279 |
| Skuldir í CHF | 854.472.505 |
| Skuldir í EUR | 2.150.412.965 |
| Skuldir í öðrum myntum | 71.410.265 |
| | 5.442.420.082 |
| Skuldir í íslenskum krónum | 572.908.801 |
| | 6.015.328.883 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (450.236.000) |
| Langtímaskuldir samkvæmt ársreikningi | 5.565.092.883 |

12. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok greinast þannig næstu ár:

| | |
|---|---|
| Næsta árs afborganir | 450.236.000 |
| Afborganir 2008 | 753.570.000 |
| Afborganir 2009 | 995.815.000 |
| Afborganir 2010 | 820.754.000 |
| Afborganir 2011 | 531.881.000 |
| Afborganir síðar | 2.463.072.883 |
| | 6.015.328.883 |

## Skattamál

13. Skattar á afkomu ársins sem lagðir verða á félagið á árinu 2007 hafa verið reiknaðir og færðir í ársreikninginn. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts.

## Ábyrgðir og veðskuldbindingar

14. Á skipi félagsins, Kap VE-4, hvíla veðbönd fyrrum eiganda skipsins, Ufsabergs ehf., alls að upphæð um 830 milljónir. Skuldbindingar Ufsabergs ehf., sem veðböndin tryggja, eru að fjárhæð um 320 milljónir. Á Kap VE-4 eru vistaðar aflaheimildir alls 1.459 þorskígildistonn sem eru í eigu Ufsabergs ehf. Yfirfærsla aflaheimilda og veðbanda yfir á skip í eigu Ufsabergs ehf. skal vera lokið fyrir 31. júlí 2007. Aðrar ábyrgðir utan efnahags nema um 350 mkr.

15. Á eignum félagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess, sem voru að eftirstöðvum um 124 milljónir króna. Auk þess eru áhvílandi á eignunum tryggingarbréf samtals um 5.454 milljónir króna.

| Veðsetningar greinast þannig á eignaflokka: | Eftirstöðvar skuldbindinga | Tryggingar-bréf | Bókfært verð eigna |
|---|---|---|---|
| Fiskiskip og veiðiheimildir | 85.932.992 | 5.153.478.207 | 4.675.786.947 |
| Fasteignir og lóðir | 37.987.439 | 300.366.987 | 955.620.927 |
| | 123.920.431 | 5.453.845.194 | 5.631.407.873 |

# Skýringar

## Önnur mál

16. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Laun | 1.059.015.569 | 932.864.431 |
| Launatengd gjöld | 201.496.952 | 180.901.319 |
| | 1.260.512.521 | 1.113.765.750 |
| Meðalfjöldi starfa | 203 | 218 |

17. Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu og hlutabréfaeign þeirra í lok þess sundurliðast þannig:

| | Laun | Hlutabréfaeign |
|---|---|---|
| Gunnar Felixson, stjórnarformaður | 1.000.000 | 0 |
| Haraldur Gíslason, varaformaður | 500.000 | 26.585.121 |
| Aðrir stjórnarmenn (5) | 2.250.000 | 593.504.161 |
| Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri | 14.226.537 | 126.424.394 |
| Framkvæmdaráð (4) | 28.520.227 | 14.261.392 |
| | 46.496.764 | 760.775.068 |

Auk ofangreindrar hlutabréfaeignar þá eiga tveir stjórnarmenn og framkvæmdastjóri sameiginlega félagið Seil ehf. að fullu sem á 374.459.320 hluti í Vinnslustöðinni hf..

18. Þóknun fyrir endurskoðun og aðrar greiðslur til endurskoðenda sundurliðast þannig:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Endurskoðun | 5.319.539 | 4.893.183 |
| Önnur verkefni | 1.679.557 | 593.300 |
| | 6.999.096 | 5.486.483 |

Í þóknun fyrir endurskoðun felst vinna við endurskoðun á ársreikningi og árshlutareikningum auk vinnu sem stjórn félagsins hefur falið endurskoðendum og telst falla undir eðlilegan hluta af starfi þeirra. Undir önnur verkefni fellur einkum skattaráðgjöf, ráðgjöf vegna reikningsskila og önnur fjárhagsleg ráðgjöf.

19. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 119.402.076 | 21.861.776 |
| Verðbreytingar á verðbréfum á verðbréfamarkaði | 33.537.530 | 0 |
| Söluhagnaður áhættufjármuna | 64.864.618 | 0 |
| Gengismunur | 0 | 280.929.638 |
| Aðrar fjármunatekjur, þ.m.t. arður | 9.992.053 | 89.069 |
| | 227.796.277 | 302.880.483 |
| Vaxtagjöld | (280.929.126) | (223.460.582) |
| Gengismunur og verðbætur | (836.129.820) | (26.815.252) |
| Sölutap áhættufjármuna | 0 | (19.046.812) |
| | (1.117.058.946) | (269.322.646) |
| | (889.262.669) | 33.557.837 |

# Skýringar

## Önnur mál (framhald)

20. Úthlutaðar veiðiheimildir til fiskiskipa félagsins á fiskveiðiárinu frá 1.9.2006 til 31.8.2007 eru eftirfarandi, auk stöðu aflamarks hverrar tegundar í árslok:

| | Aflahlutdeild í prósentum | Úthlutað aflamark í tonnum | Aflamark í þorskígildis tonnum | Staða aflamarks í árslok í tonnum |
|---|---|---|---|---|
| Veiðiheimildir í bolfiski | | | | |
| Þorskur | 2,3072% | 3.568 | 3.568 | 3.601 |
| Ýsa | 2,8262% | 2.381 | 1.928 | 1.725 |
| Ufsi | 5,3884% | 3.518 | 1.477 | 2.975 |
| Karfi | 6,1769% | 3.521 | 2.429 | 3.186 |
| Langa | 4,9816% | 199 | 120 | 182 |
| Keila | 1,1713% | 53 | 20 | 49 |
| Steinbítur | 0,7496% | 79 | 56 | 76 |
| Skötuselur | 3,9733% | 107 | 193 | 125 |
| Úthafskarfi | 0,7686% | 220 | 161 | 0 |
| Grálúða | 2,5538% | 352 | 698 | 388 |
| Skarkoli | 4,0469% | 223 | 264 | 121 |
| Þykkvalúra | 3,4392% | 63 | 91 | 20 |
| Langlúra | 3,5492% | 78 | 46 | 81 |
| Sandkoli | 4,1609% | 77 | 37 | 97 |
| Skrápflúra | 3,8951% | 54 | 25 | 52 |
| Þorskur í Barentshafi | 0,5171% | 10 | 10 | 0 |
| | | 14.503 | 11.123 | 12.678 |
| Aðrar veiðiheimildir | | | | |
| Humar | 15,6202% | 87 | 555 | 101 |
| Rækja | 0,6235% | 44 | 29 | 53 |
| Síld | 9,9818% | 12.976 | 1.687 | (0) |
| Loðna | 10,2531% | 30.784 | 3.078 | 30.784 |
| Norsk-íslensk síld | 6,8158% | 12.659 | 2.912 | (0) |
| Kolmunni | 3,6869% | 11.050 | 553 | 1 |
| | | 67.600 | 8.814 | 30.939 |
| Aflaheimildir alls | | 82.103 | 19.937 | 43.617 |

Aflaheimildir í loðnu eru reiknaðar út miðað við 300 þúsund tonna heildarúthlutun og aflaheimildir í úthafskarfa eru miðaðar við heildarúthlutun síðasta almanaksárs.

# Skýringar

## Önnur mál (framhald)

21. Rekstraryfirlit eftir ársfjórðungum:

| | 1. | 2. | 3. | 4. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | 1.1.-31.3.2006 | 1.4.-30.6.2006 | 1.7.-30.9.2006 | 1.10.-31.12.2006 | 1.1.2006-31.12.2006 |
| **Rekstrartekjur** | | | | | |
| Rekstrartekjur fiskvinnslu ................ | 1.325.460.421 | 876.854.321 | 557.181.378 | 742.336.326 | 3.501.832.446 |
| Rekstrartekjur útgerðar .................... | 674.001.440 | 532.089.751 | 531.807.222 | 567.996.168 | 2.305.894.582 |
| Afli til eigin vinnslu .......................... | (435.896.310) | (227.188.192) | (255.877.828) | (300.220.366) | (1.219.182.696) |
| Vörusala ............................................ | 200.119.292 | 414.899.429 | 277.190.435 | 760.623 | 892.969.780 |
| Aðrar tekjur ....................................... | 5.573.652 | 6.329.146 | 1.651.523 | 307.330.888 | 320.885.210 |
| | 1.769.258.496 | 1.602.984.457 | 1.111.952.729 | 1.318.203.640 | 5.802.399.322 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | |
| Rekstrargjöld fiskvinnslu ................ | 1.002.774.028 | 591.018.978 | 441.149.279 | 593.201.096 | 2.628.143.381 |
| Rekstrargjöld útgerðar ..................... | 426.533.647 | 421.776.115 | 359.100.654 | 383.720.700 | 1.591.131.116 |
| Afli til eigin vinnslu .......................... | (435.896.310) | (227.188.192) | (255.877.828) | (300.220.366) | (1.219.182.696) |
| Kostnaðarverð seldra vara ............. | 199.367.084 | 413.813.414 | 271.635.707 | 5.386.298 | 890.202.503 |
| Sameiginlegur kostnaður ................ | 39.119.731 | 29.831.034 | 29.855.845 | 37.625.659 | 136.432.269 |
| | 1.231.898.180 | 1.229.251.349 | 845.863.657 | 719.713.387 | 4.026.726.573 |
| Hagnaður fyrir afskriftir .................. | 537.360.316 | 373.733.108 | 266.089.072 | 598.490.253 | 1.775.672.748 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna ............. | (84.738.918) | (86.104.230) | (87.374.092) | (85.851.146) | (344.068.386) |
| Rekstrarhagnaður ............................ | 452.621.397 | 287.628.878 | 178.714.980 | 512.639.106 | 1.431.604.362 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga .................... | (55.798.682) | (81.455.030) | (6.536.614) | 31.754.366 | (112.035.960) |
| Fjármunatekjur og (gjöld) ................ | (515.600.294) | (505.703.136) | 383.853.432 | (251.812.671) | (889.262.669) |
| Reiknaður tekjuskattur ..................... | 11.336.201 | 39.253.367 | (101.267.714) | (44.976.446) | (95.654.592) |
| Hagnaður (tap) ................................. | (107.441.378) | (260.275.922) | 454.764.083 | 247.604.355 | 334.651.141 |
| Veltufé frá rekstri ............................ | 447.015.446 | 503.999.385 | 194.497.256 | 402.927.665 | 1.548.439.753 |

## Sjóðstreymi

22. Fimm ára yfirlit um sjóðstreymi á verðlagi hvers árs:

| | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|---|---|
| Afkoma ársins | 334.651.141 | 441.916.280 | 814.191.416 | 249.307.594 | 901.668.632 |
| Afskriftir | 344.068.386 | 360.240.376 | 392.391.218 | 542.105.420 | 494.943.949 |
| Reiknaður tekjuskattur og verðbreytingarfærsla | 95.654.592 | 97.043.921 | 99.607.345 | 0 | (62.445.369) |
| Verðbreytingar langtímaskulda | 1.024.398.438 | (100.260.322) | (456.587.302) | (115.358.328) | (451.357.071) |
| Aðrar breytingar | (250.332.804) | 19.338.572 | (23.602) | 38.446.159 | 132.921.579 |
| **Hreint veltufé frá rekstri** | 1.548.439.753 | 818.278.827 | 849.579.075 | 714.500.845 | 1.015.731.721 |
| Breyting á: | | | | | |
| Rekstrartengdum eignum | (171.478.137) | (313.961.604) | 127.415.177 | 111.300.543 | (545.067.831) |
| Rekstrartengdum skuldum | (39.538.238) | 77.645.935 | 20.857.163 | 91.677.156 | (5.419.444) |
| **Handbært fé frá rekstri** | 1.337.423.378 | 581.963.158 | 997.851.415 | 917.478.544 | 465.244.446 |

## Kennitölur

23. Úr rekstrarreikningi:

| | | 2006 | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|---|
| | Hagnaður fyrir afskriftir / rekstrartekjur | 30,60% | 19,65% | 25,59% |
| | Hagnaður ársins / rekstrartekjur | 5,77% | 10,03% | 20,33% |
| a) | Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) | 1.775.672.748 | 865.934.500 | 1.024.949.620 |
| | Arðsemi eigin fjár | 14,96% | 18,47% | 35,91% |

24. Úr efnahagsreikningi:

| | 31.12 2006 | 31.12 2005 | 31.12 2004 |
|---|---|---|---|
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir | 2,62 | 0,96 | 1,93 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn | 24,67% | 27,40% | 31,10% |
| Innra virði hlutafjár - eigið fé/hlutafé | 1,46 | 1,52 | 1,60 |
| Hagnaður á hlut (EPS) | 0,22 | 0,30 | 0,52 |

25. Úr sjóðstreymi ársins:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| b) | Skuldaþekja handbærs fjár | 0,01 | 0,02 | 0,12 |
| c) | Gæði sölunnar | 1,01 | 0,97 | 1,00 |
| d) | Gæði afkomunnar | 4,00 | 1,32 | 1,23 |

a) EBITDA inniheldur söluhagnaður aflaheimilda að fjárhæð kr. 297.504.150 á árinu 2006

b) Handbært fé frá rekstri að frádregnum arðgreiðslum / heildarskuldir

c) Innborgaðar tekjur / bókfærðar tekjur

d) Handbært frá rekstri / afkoma



*Göngin til Eyja! Það er heitið sem Sigurgeir ljósmyndari Jónasson gaf þessari mynd á glæsilegri sýningu sinni í Vélasalnum í Eyjum í apríl 2007.*

VSV